

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 24.01.2022
UST202103-166/S.M.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 26. nóvember sl. þar sem óskað var eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíks frá fyrirmælum um frágang og vöktun aflagðs urðunarstaðar Fjarðabyggðar að Heydalamelum. Þann 15. desember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Frágangi átti að vera lokið 8. september 2020. Við eftirlit kom í ljós að frágangi urðunarstaðarins er ekki lokið. Eftir á að ganga frá gryfju neðst á urðunarstaðnum og fjarlægja annan úrgang sem þar er. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður farið í frágang urðunarstaðarins á vormánuðum 2022 og áætlað að frágangi ljúki eigi síðar en 15. maí 2022.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur